

Arndís Þorvaldsdóttir

# Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Austfirðinga

2007

8

Árið 1914, þann 11. dag ágústmánaðar  
vísitasti prófasterum í Norðurnmíla prófastsdæmi  
Kirkjuna í Möðrudal sáukvæmt undanþegnum bostum  
(Kirkjan er timburhús, byggð 1894.)<sup>8. d. af 1. d. 1894</sup> Hinn er stór-  
leg, en þak er ljúlegt og lekur. Hinn er lítt  
máluð <sup>innan og ómáluð utan</sup> hús og góð. Þarf að gera  
við þak hennar og mála hana utan og innan.  
Í skrifum á hún ríttelur, hökull og altarisblönd, sem  
getið er í vísitastu 1858, og er allt nokkuð fýrnt en  
má vel nota. Altarisstjaba 2 á hinni dögðu, sem  
getið er í sömu vísitastu, svo og kálk og þakinn er hún.  
Kirkjungeardurum er allur ómíttur og ógríp-  
keldur og enginn dyraumbúnaður í sálutíði.  
Sönnunefndin er áminnt um að láta byggja  
gæddum sömasamlega sem fyrir. Í graffót-  
um á kirkjan í járnkall helegu, en armars hvar  
staturhaldari graffót, þegar á þarf að halda.  
Börn mættu engin til yfirlýgðu.  
Einar Jónsson      G. Einarsson

Vísitasía  
Möðrudalskirkju

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Fulltrúaráð og stjórn.....	3
Starfsmannahald.....	4
Rekstur.....	4
Lifandi starf.....	5
Útgáfustarfsemi.....	5
Ljósmyndasafnið.....	6
Bókasafnið.....	6
Lokaorð.....	6
Skrá yfir afhendingar á árinu 2007	

## Inngangur

Starfsárið 2007 skráðu sig 470 gestir í gestabók. Gestir safnsins munu þó vera töluvert fleiri því mikill misbrestur er á því að allir gestir skrái sig, þrátt fyrir að gestabók liggi frammi, ásamt auglýsingu þar sem safngestir eru hvattir til að skrá nafn sitt í bókina. Mun það að nokkru vera sök starfsmanna sem gætu verið passasamari um þessa hluti.

Gestum fjölgaði nokkuð frá fyrra ári og mun ástæðan vera sú að óvenju mikið var um heimsóknir grunnskólabarna, en safnið fékk heimsóknir frá skólunum á Egilsstöðum, Fellabæ, Neskaupstað og Borgarfirði. Skólaheimsóknum er þannig háttað að hóparnir heimsækja bæði héraðskjalasafnið og Minjasafn Austurlands og er nemendum yfirleitt skipt upp í tvo hópa. Á héraðsskjalasafninu er nemendum sýnt safnið og síðan skoðaðar ljósprentanir af tveimur merkjum bókum, Flateyjarbók og Guðbrandsbiblíu. Að því loknu er ljósmyndasafnið kynnt en alltaf vekur jafn mikla ánægju ef hægt er að draga fram myndir af forfeðrum nemenda. Þessar heimsóknir eru yfirleitt mjög ánægjulegar og gestirnir áhugasamir. Heimsóknum nemendum Menntaskólans á Egilsstöðum fer hins vegar fækkandi frá ári til árs. Mun ástæðan vera bæði betri bókakostur á skólasafninu og síaukin notkun veraldarvefsins við heimildaleit.

Á árinu var töluvert um heimsóknir nemenda sem stunda háskólanám í fjarnámi en lögð hefur verið áhersla á hin síðustu ár að kaupa til safnsins bækur sem nýtast þeim.

Töluvert af gögnum, bæði ljósmyndum og skjölum, barst til safnsins á árinu og voru afhendingar 45 talsins.

## Fulltrúaráð og stjórn

Sveitarfélag	Aðalmaður	Varamaður
Vopnafjarðarhreppur	Ólafur B. Valgeirsson	Þorsteinn Steinsson
Fljótsdalshreppur	Sigmar Ingason	Sólveig Ólafsdóttir
Fljótsdalshérað	Sævar Sigbjarnarson	Ragnhildur Benediktsdóttir
Borgarfjarðarhreppur	Björn Aðalsteinsson	Kristjana Björnsdóttir
Seyðisfjarðarkaupstaður	Ólafur Hr. Sigurðsson	Vilhjálmur Jónsson
Fjarðabyggð	Magnús Stefánsson	Smári Geirsson
Breiðdalshreppur	Páll Baldursson	Anna Margrét Birgisdóttir
Djúpavogshreppur	Ólafur Eggertsson	Guðrún Sigurðardóttir

Þann 6. desember 2007 var aðalfundur fulltrúaráðs héraðsskjalasafnsins haldinn í Vinaminni á Borgarfirði eystra. Á þann fund mætti, auk fulltrúa, verðandi forstöðumaður

safnsins, Hrafnkell Lárusson. Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf og var sitjandi stjórn og varastjórn endurkjörnar óbreyttar til næsta aðalfundar.

Formaður:	Björn Aðalsteinsson
Varaformaður:	Magnús Stefánsson
Ritari:	Ólafur Eggertsson
Meðstjórnendur:	Sævar Sigbjarnarson Ólafur Valgeirsson
Varamenn:	Sigmar Ingason Ólafur Hr. Sigurðsson

## Starfsmannahald

Framan af ári voru fastir starfsmenn safnsins þrír, samtals í 2,75 stöðugildi.

Hrafnkell A. Jónsson, forstöðumaður héraðsskjalasafnsins, var frá vinnu vegna veikinda frá ársbyrjun og þar til hann andaðist 29. maí. Aðrir starfsmenn safnsins á árinu voru Arndís Þorvaldsdóttir var í 75% starfi. Hún starfaði við almenn afgreiðslustörf og tölvuskráningu skjala og hafði auk þess umsjón með Ljósmyndasafni Austurlands. Guðgeir Ingvarsson var í 100% starfi. Hann vann einkum að skráningu skjala fyrir Fjarðabyggð samkvæmt samningi sem gerður var síðla árs 2006, en einnig sinnti hann almennri afgreiðslu.

Stjórn safnsins ákvað að ráða ekki í stöðu forstöðumanns fyrr en frá og með áramótum 2007–2008 og sáu Guðgeir og sú er þetta ritar því um daglegan rekstur safnsins. Allar meiri háttar ákvarðarnir í fjármálum voru þó í höndum stjórnar.

Ekki var ráðið fólk til sumarafleysinga heldur skiptust starfsmenn á um að fara í frí. Var formlegur opnunartími safnsins frá kl. 13.00–18.00, en í raun var safnið jafnan opið frá kl. 9.00 alla virka daga. Á þessu varð þó breyting yfir sumartímann en þá var safnið opið frá kl. 12.00–17.00 alla virka daga.

## Rekstur

Safnið var rekið með 1.263.818,- króna hagnaði árið 2007. Skýrist sú staða einkum af lægri launakostnaði en ráð var fyrir gert og af því að starfsmenn héldu að sér höndum með öll stærri innkaup.

Starfsmenn lögðu sig fram um að halda starfsemi safnsins í eðlilegu horfi og reyndu að veita sem besta þjónustu þeim sem hingað leituðu. Þeim verkum forstöðumanns sem

óhjákvæmilegt var að sinna skiptu þeir með sér, annaðist Guðgeir greiðslu reikninga en Arndís tók að sér að störf við bókasafnið, s.s. að ganga frá tímritum og skrá bækur á bókasafnsvefinn Gegni. Innkaup á bókum voru þó meira í höndum Guðgeirs.

## Lifandi starf

Í safnahúsinu er lögð áhersla á lifandi starf og var Héraðsskjalasafnið þátttakandi í ýmsum árvissum verkefnum ásamt söfnunum sem í húsinu starfa. Þar má nefna opið hús í safnahúsinu 17. júní, en þá var opnuð á vegum Ljósmyndasafns Austurlands sýning á óþekktum myndum sem komu frá Þjóðminjasafninu. Á hana voru valdar myndir sem taldar voru teknar á Austurlandi og gestir beðnir um aðstoð við að þekkja myndefnið, Varð af því umtalsverður árangur.

Framlag héraðsskjalasafnsins til safnanætur Ormsteitis var ljósmyndasýning í Power point formi. Varð aðsókn að henni svo mikil að sýningar urðu tvær sama kvöldið og voru gestir samtals um 120 – urðu þó einhverjir frá að hverfa.

Dagana 12. og 13. október tók safnið þátt í svokölluðu Sigfúsarþingi á Eiðum ásamt Minjasafni Austurlands, Gunnarsstofnun, Árnastofnun, Félagi Þjóðfræðinga og Miðstöð munnlegrar sögu. Var þingið haldið til heiðurs Sigfúsi Sigfússyni þjóðsagnasafnara og þótti takast vel.

Þema Norræna askjaladagsins þetta árið voru einkaskjöl og kom að því tilefni beiðni frá Þjóðskjalasafni að gerð yrði tölvutæk skrá yfir einkaskjöl í vörslu héraðsskjalasafnsins, sem síðan færi inn á skjaladagsvefinn sem er í umsjá Þjóðskjalasafns. Guðgeir tók verkefnið að sér og fékk umsögnina “afspyrnugott” frá Benedikt Jónssyni umsjónarmanni verkefnisins. Annað framlag safnsins til sama viðburðar var ljósmyndasýning í Power point, sú sama og sýnd var á Ormsteiti, og sóttu hana um 30 manns. Þess má geta að Vilhjámur Einarsson var þátttakandi ljósmyndasýningunum, en hann hefur verið að koma gömlum kvikmyndum og vídeóupptökum yfir í stafrænt form.

Að venju var safnið þátttakandi í jólavöku sem haldin var á aðventu með tilheyrandi jólaskeytingum og lummubakstri.

## Útgáfustarfsemi

Samkvæmt venju gaf safnið út jólakort. Að þessu sinni var myndin á kortinu af fræðapulnum Sigurði Magnússyni frá Þórarinsstöðum í Seyðisfirði. Ritaði Guðgeir æviágrip Sigurðar.

## Ljósmyndasafnið

Töluvert barst af myndum til ljósmyndasafnsins á árinu. Einnig var mikið um fyrirspurnir um myndir og leitað var eftir myndum í sambandi við bókaútgáfu. Þá er á stundum beðið um ljósmyndasýningar í Power point formi á fundi og ýmsar uppákomur. Var t.a.m. farið með slíka sýningu á fund hjá Lionsklúbbi Fljótsdalshéraðs og Rotaryklúbbi Neskaupstaðar. Einnig var farið í M.E og haldin myndasýning í tengslum við áfangann Sögu Austurlands. Þess má geta að safnið á á lager nokkra diska með mismunandi myndefni ásamt stuttri kynningu á safninu sem hægt er að grípa til með litlum fyrirvara.

## Bókasafnið

Fátt var að fréttu af málefnum bókasafnsins á árinu. Á aðalfundi fulltrúaráðsins voru þau Magnús Þorsteinsson í Höfn og Arndís Þorvaldsdóttir endurkjörin í bókasafnsstjórnina, en þar sitja þau ásamt Halldóri Árnasyni sem er fulltrúi gefenda..

Enginn stjórnarfundur var haldinn á árinu.

Þar sem bókasafnið hafði algjörlega verið á könnu Hrafnkels þurftu samstarfsfólk hans að setja sig inn í ýmsa hluti sem tengdust safninu, svo sem tengingu nýrra bóka í bókasafnsvefinn Gegni, frágangi blaða og tímarita. Af þessu leiddi m.a. að bókakaup voru lítil framan af ári. Af bókum sem keyptar voru til safnsins á árinu var bæði um að ræða nýjar bækur og einnig eldri verk. Töluvert vantaði þó upp á að samningsbundnum kaupum samkvæmt gjafabréfi hafi verið fullnægt.

Þess má geta að bókasafninu bárust á árinu bókagjafir frá Vilhjálmi Hjámarssyni og frá Herdísí Erlingsdóttur og Sigurði Lárussyni. Rúmuðust þær bækur sem þannig bárust safninu flestar vel innan þess efnisramma sem safnið hefur sett sér og voru því kærkomin viðbót.

## Lokaorð

Veikindi Hrafnkels A. Jónssonar settu óneitanlega sinn svip á starfið á árinu 2007. Við starfmennirnir reyndum þó að halda öllu í sem eðlilegustu horfi eins og komið hefur fram. Var öll samvinna okkar og verkaskipti með ágætum. Gaman er að fylgjast með því að áhugi á safninu og starfsemi þess hefur aukis, fleiri virðast vita af tilveru þess og fyrirspurnirnar sem okkur berast eru margvíslegar, allt frá því að spurt sé um nafn á tík Bjarts í Sumarhúsum að meiri háttar ættrakingum. Engu að síður er þörf á að kynna safnið enn frekar en gert hefur verið.